

FUNDARBOÐ

46. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. mars 2026 og hefst kl.
16:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2602005F - Safna- og menningarmálanefnd - 7**
Lögð fram fundargerð 7. fundar safna- og menningarmálanefndar.
- 2. 2602006F - Ungmennaráð - 10**
Lögð fram fundargerð 10. fundar ungmennaráðs.
- 3. 2603001F - Skipulagsnefnd - 40**
Lögð fram fundargerð 40. fundar skipulagsnefndar.
- 4. 2603002F - Bæjarráð - 42**
Lögð fram fundargerð 42. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 5. 2603014 - Umsókn um lóð - Hamraendar**
Lögð fram lóðarumsókn vegna fyrirhugaðra höfuðstöðva BB og sona ehf. á Hamraendum.

Afgreiðslu umsóknarinnar var frestað þar til endanlegt deiliskipulag lægi fyrir. Deiliskipulag svæðisins hefur nú verið samþykkt af hálfu bæjarstjórnar og fengið lögbundna umfjöllun af hálfu Skipulagsstofnunar.

Málið var lagt fram á 42. fundi bæjarráðs. Þá var einnig lagt fram bréf frá BB og sonum ehf. þar sem félagið dregur umsókn sína um lóð á Hamraendum til baka. Í bréfinu kemur fram að ákvörðunin sé tekin í ljósi áforma innviðaráðherra um að fella brott skel- og rækjubætur og þeirrar óvissu sem þau áform skapa um rekstrarforsendur félagsins.

Bæjarráð tók undir að um sé að ræða alvarlega stöðu sem upp er komin og harmaði að forsendur hafi breyst með þeim hætti að félagið sjái sér ekki fært að halda áfram með fyrirhuguð uppbyggingaráform í sveitarfélaginu að svo stöddu.

- 6. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 993. fundar stjórnar Sambandsins frá 18. febrúar 2026.

7. 2603016 - Viðhorfskönnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins

Lagðar fram niðurstöður viðhorfskönnunar sem lögð var fyrir starfsmenn sveitarfélagsins með það að markmiði að mæla viðhorf og starfsánægju starfsfólks sveitarfélagsins.

Fulltrúar Attentus komu til fundar á 42. fundi bæjarráðs og gerðu grein fyrir niðurstöðum úr viðhorfskönnunar.

Bæjarráð lýsti ánægju sinni með jákvæðar niðurstöður úr starfsmannakönnun sveitarfélagsins.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

8. 2102042 - Samþætting skólastarfs - Samrekstur grunnskóla og tónlistaskóla Stykkishólmsbæjar

Lagt fram minnisblað skólastjóra og tillaga vegna auglýsingar á stöðu stjórnanda við Tónlistarskóla Stykkishólms.

Bæjarráð samþykkti tillöguna á 42. fundi sínum og vísaði henni til staðfestingar í bærarstjórn.

9. 1905057 - Sögu og menningararfur í Stykkishólmi - Menningartengd ferðaþjónusta

Lögð fram lokagögn vegna hönnunar sögu- og gönguleiðar um Hjallatanga og Búðarnes. Verkefnið á sér nokkra forsögu, en það byggir á vinnu sveitarfélagsins frá árinu 2019 um eflingu áttahagafræðslu, sýnileika sögunnar og þróun menningartengdrar ferðaþjónustu. Í framhaldi af þeirri stefnumótun var sótt um og fékkst styrkur til hönnunar verkefnisins á árunum 2021-2023.

Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Minjastofnun Íslands og snýr að því að bæta aðgengi, stýringu og miðlun sögu svæðisins, sem er ríkt af menningarminjum og tengist upphafi verslunar í Stykkishólmi. Markmið verkefnisins er að gera svæðið aðgengilegra fyrir íbúa og gesti, styrkja útivist og náttúruupplifun og miðla sögu og menningararfi með vönduðum hætti.

Samkvæmt framlagðri hönnun er gert ráð fyrir gönguleiðum, áningastöðum, útsýnisstöðum og fræðsluskiltum þar sem leitast er við að lágmarka rask á landi og láta mannvirki falla sem best að náttúru og minjum svæðisins. Verkefnið er hugsað í áföngum, þar sem hönnun er fyrsta skref en framkvæmd stígagerðar og uppsetning miðlunarefnis næstu skref.

Jafnframt liggur fyrir kostnaðarnálgun vegna framkvæmda, þar sem heildarkostnaður við uppbyggingu áningastaða, stíga, mannvirkja og skiltagerðar er áætlaður um 45-50 m.kr., eftir útfærslu og áföngum.

Bæjarráð óskaði á 42. fundi sínum eftir áframhaldandi samstarfi við Minjastofnun um verkefnið með það að markmiði að tryggja að næstu áfangar verkefnisins fái framgang á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

10. 2107012 - Stykkishólmur í sókn - Þekkingarnet Breiðafjarðar

Bæjarstjóri gerði á 42. fundi bæjarráðs, grein fyrir stöðu verkefnisins Þekkingarnet Breiðafjarðar í kjölfar fundar með verkefnastjóra og framkvæmastjóra SSV.

Bæjarráð fól bæjarstjóra og verkefnastjóra að vinna að gerð viljayfirlýsingar milli sveitarfélaga og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um verkefnið og í framhaldinu að kallað verði til fundar með sveitarfélögum í kringum Breiðafjörð.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2311014 - Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins

Lögð fram húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2026.

Bæjarráð vísaði, á 42. fundi sínum, húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2026 til samþykktar í bæjarstjórn.

12. 2510020 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2026-2029

Lögð fram tvö erindi skólastjóra þar sem óskað er eftir breytingum á fjárhagsáætlun vegna annarsvega tækjakaupa og hinsvegar aðbúnaði skóla.

Bæjarráð samþykkti, á 42. fundi sínum, erindi skólastjóra og vísaði málinu til endanlegrar afgreiðslu í viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2026 og til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

13. 2409019 - Sala á húsnæði - Skúlagata 9

Lagt fram formlegt kautilboð í íbúð 211 að Skúlagötu 9. Bæjarráð samþykkti, á 42. fundi sínum, fyrirbyggjandi kautilboð.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2312008 - Sjávarútvegsstefna og skelbætur

Lagt fram frumvarp innviðaráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (sértækar ívilnanir og jöfnunarheimild), þar sem lagt er til að fella brott línuívilnanir og skel- og rækjubætur.

Þá er lögð fram ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi vegna málsins og afturköllun lóðarumsóknar á Hamraendum vegna áforma innviðaráðherra um skelbætur.

Bæjarráð Stykkishólms tók, á 42. fundi sínum, undir ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um skelbætur og línuívilnun og leggst eindregið og hart gegn fyrirbyggjandi frumvarpi innviðaráðherra.

Bæjarráð taldi að fyrirhuguð lagabreyting muni hafa verulega neikvæð áhrif á atvinnulíf, byggðafestu og tekjustofna sveitarfélagsins, verði hún að veruleika. Verði frumvarpið að lögum getur það haft grafalvarleg áhrif á sveitarfélagið og aukið verulega hættu á að starfsemi, sem byggir m.a. á skelbótum, leggist af í sveitarfélaginu.

Bæjarráð benti á að neikvæð áhrif áformanna eru þegar farin að koma fram og vísar í því sambandi til bréfs BB og sona ehf., dags. 18. mars 2026, um afturköllun lóðarumsóknar á Hamraendum, þar sem fram kemur að félagið sjái sér ekki fært að halda áfram með

fyrirhuguð uppbyggingaráform í sveitarfélaginu vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur vegna áforma innviðaráðherra.

Bæjarráð skoraði á ríkisstjórn, sér í lagi innviðaráðherra, og Alþingi að falla frá frumvarpinu og hefja raunverulegt samráð við sveitarfélög og atvinnulíf um framtíð fiskveiðistjórnarkerfisins með það að markmiði að tryggja áfram byggðafestu, stöðugleika og fjölbreytt atvinnulíf á landsbyggðinni.

15. 2603008 - Klapparás - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klapparáss, verslun- og þjónusta, lóð 3 Hleðsluinnviðir.

Óskað er eftir að fá að auglýsa tillöguna að breytingu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Á 40. fundi skipulagsnefndar var lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulaginu. Þá voru lögð fram gögn sem borist hafa frá Atlantsolíu þar sem óskað er eftir að stækka lóð Atlantsolíu á kostnað lóðar 3 og koma þar fyrir hraðhleðslustöðvum og bílaþvottastöð.

Skipulagsnefnd lagði til að ræða við ON varðandi aðstöðu á lóð 3 eftir breytingu. Skipulagsnefnd fól skipulagsfulltrúa að ræða við Instavolt um staðsetningu og útlit stöðva í miðbænum.

Með vísan til framanritaðs og fyrirbyggjandi gagna fól skipulagsnefnd skipulagsfulltrúa að uppfæra deiliskipulagsbreytinguna m.t.t. nýrra gagna og umræðna á fundinum.

Bæjarráð tók, á 42. fundi sínum, jákvætt í erindi Atlantsolíu og lýsti yfir áhuga á stækkun lóðar fyrir hraðhleðslustöð og bílaþvottastöð í samræmi við fyrirbyggjandi erindi. Varðandi lóð 3 taldi bæjarráð að skoða ætti tvo möguleika við vinnslu deiliskipulagstillögu, annars vegar með hraðhleðslustöðvum og hins vegar byggingarreit fyrir þjónustu- og atvinnuhúsnæði.

Bæjarráð vísaði öðrum tillögum um uppbyggingu hraðhleðslustöðva til áframhaldandi vinnslu hjá sveitarfélaginu, sbr. Orkuskipti í samgöngum, málsnr. 2006042. Bæjarráð staðfesti að öðru leyti afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2603012 - Söguskilti um miðbæ Stykkishólms við Bókhöfðuhöfða

Fyrir rúmu ári síðan fékk Anna Melsteð styrk frá Lista- og menningarsjóði Sveitarfélagsins Stykkishólms vegna sögumiðlunar um miðbæ Stykkishólms. Lögð er fram tillaga Önnu að söguskilti um gamla miðbæinn sem óskar eftir að fá að setja það upp á Bókhöfðuhöfða.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 40. fundi sínum, fyrir sitt leyti að setja upp söguskilti við Bókhöfðuhöfða, en gerir ráð fyrir að efnisatriði skiltisins fái umfjöllun í safna- og menningarmálanefnd eða bæjarstjórn. Nákvæm staðsetning skiltis skal vera í samræði við skipulagsfulltrúa.

Bæjarráð staðfesti, á 42. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 2006042 - Orkuskipti í samgöngum - hraðhleðslustöðvar

Lögð fram drög að samningum við Orkusöluna og Teslu ásamt skýringarmyndum vegna hraðhleðslustöðva.

Bæjarráð samþykkti, á 42. fundi sínum, fyrirbyggjandi samninga gegn því að skipulagsfulltrúi samræmi gjaldtöku vegna stöðvanna.

Bæjarráð samþykkti jafnframt fyrirbyggjandi tillögur að uppsetningu hraðhleðslustöðva í sveitarfélaginu með fyrirvara um endanlega staðfestingu af hálfu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2603015 - Erindi frá Markaðsstofu Vesturlands

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Vesturlands sem vegna almyrkva á Vesturlandi, kanna möguleika á því hvort landeigendur geti sett upp tímabundin tjaldsvæði í ágúst í almyrkvann.

Bæjarráð samþykkti, á 42. fundi sínum, aðkomu sveitarfélagsins að þessu verkefni.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

19. 2006020 - Samkomuhúsið í Stykkishólmi við Aðalgötu 6

Lagðar fram niðurstöður loftgæðamælinga í Samkomuhúsinu í Stykkishólmi.

Bæjarráð lýsti á 42. fundi sínum ánægju yfir jákvæðum niðurstöðum og fól bæjarstjóra að senda niðurstöðurnar til Aftanskins.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2311010 - Bæjarstjórn unga fólksins

Á 9. fundi ungmennaráðs fór fram umræða um bæjarstjórn unga fólksins. Ungmennaráð lagði til við bæjarstjórn að næsti bæjarstjórnarfundur unga fólksins færi fram 7. maí 2026.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldinn en óskar eftir annarri tillögu að fundartíma sem fellur betur að fyrirbyggjandi fundaráætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Ungmennaráð lagði á 10. fundi sínum til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldið 9. apríl, 2026.

Bæjarráð samþykkti, á 42. fundi sínum, fundartíma og vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

21. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

24.03.2026

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.